

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður, miðbær 2000 vegna lóða nr. 22 og 22b við Austurgötu og nr. 19 við Strandgötu.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. október 2013 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hafnarfjörð, miðbæ 2000 vegna lóða nr. 22 og 22b við Austurgötu og nr. 19 við Strandgötu. Málsmeðferð var skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem lög kveða á um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. október 2013.

Bjarki Jóhannesson,
sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2013